

Alþingi
Erindi nr. P 130/603
komudagur 11.12.2003

11. des. 2003

Sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða

Af hálfu sjávarútvegsnefndar Alþingis hefur nú í dag verið óskað umsagnar Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, 428 mál, á þingskjali 594. Var undirrituðum einnig gefinn kostur á því að koma á fund nefndarinnar nú í kvöld, en á þess því miður ekki kost með svo stuttum fyrirvara.

Í upphafi er rétt að geta þess að Byggðastofnun hefur ekki verið kynnt frumvarp þetta sérstaklega, og ekkert hefur verið um það fjallað af starfsmönnum eða stjórn stofnunarinnar. Ber að skoða svar þetta í því ljósi.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu gengur það í meginatriðum út á að tekin verði upp línuviðildin fyrir dagróðrabáta, enda sé línan beitt í landi, og að auknar verði heimildir til að koma byggðarlögum til aðstoðar með úthlutun sérstakra aflaheimilda með vísan til þar til greindra aðstæðna. Þá er einnig lagt til að sérheimildir Byggðastofnunar til úthlutunar aflaheimilda minnki og falli alveg niður að afloknu fiskveiðiárinu 2005/2006.

Byggðastofnun hefur haft til ráðstöfunar svokallaðan byggðakvóta frá árinu 1999. Í samræmi við heimild í lögnum um stjórn fiskveiða, hefur Byggðastofnun úthlutað byggðakvóta á rekstraraðila í 11 byggðarlögum víðsvegar um landið. Þrjú þessara byggðarlaga eru á Vestfjörðum, tvö á Norðurlandi og sex á Austurlandi. Samdar voru sérstakar reglur um val á þeim byggðarlögum sem til greina komu við úthlutunina. Reglurnar voru þannig úr garði gerðar að þær tryggðu sem best að þau byggðarlög sem lent höfðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi fengju byggðakvóta til samræmis við vanda þeirra. Það er mat Byggðastofnunar að áhrif þess byggðakvóta sem stofnunin hefur haft til ráðstöfunar séu almennt séð jákvæð. Einkum á þetta við í þeim sveitarfélögum þar sem náðst hefur bærileg samstaða um úthlutun heimildanna. Það má þó vissulega finna dæmi þar sem ekki hefur tekist jafn vel til. Það er þó ljóst að þar sem hér er einungis um að ræða 1500 þorskígildistonn þá veða þau ekki þungt í heildar atvinnusköpun á landsbyggðinni. Áætluð margfeldisáhrif þessarar úthlutunar eru 3 – 4 föld ef miðað er við þá samninga sem gerðir voru og reynsluna af þeim. Umboðsmaður Alþingis hefur gert nokkrar athugasemdir við aðferðir við úthlutunina, en það er álit Byggðastofnunar að þær séu smávægilegar, og auðvelt að laga úthlutun að þeim.

Að svo miklu leyti sem úthlutun byggðakvóta er hugsuð sem byggðaaðgerð er það álit undirritaðs að eðlilegt sé að stofnunin hafi hana með höndum. Til þess á hún að hafa öll verkfæri og upplýsingar undir höndum, auk reynslu af framkvæmdinni. Það er einnig álit undirritaðs að eftirsjá verði að þeim heimildum tii úthlutunar byggðakvóta sem stofnunin hefur haft, í ljósi dæma um augljós jákvæð áhrif af úthlutun hans.

Að lokum skal það enn og aftur áréttað að stofnunin hefur ekki haft ráðrúm til þess að gera faglega úttekt á þýðingu einstakra þátta frumvarpsins, og ber að skoða þessar stuttorðu athugasemdir í því ljósi.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri Byggðastofnunar
adalsteinn@byggdastofnun.is
sími 455-5400 fax 455-4477